

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur

Skammtímaúrræði fyrir úkraínsk börn

Á fundi borgarráðs þann 8. september 2022 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 5. september 2022, samþykkt ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að sett verði á lagginnar skammtímaúrræði fyrir úkraínsk börn á grunnskólaaldri með áherslu á undirbúning fyrir skólagöngu og þátttöku í frístundastarfi. Um er að ræða börn úr fjölskyldum sem eru í 8 vikna búsetuúrræði í Reykjavík á vegum ríkisins á meðan leitað er að framtíðarheimili fyrir fjölskyldurnar sem gæti orðið í Reykjavík eða öðru sveitarfélagi. Úrræðið verður staðsett í Vesturbæjarskóla og frístundamiðstöðin Tjörnin kemur að frístundastarfinu. Úrræðið verði starfrækt frá september til desember 2022 og metið í lok tímabils með áframhald. Hægt verður að taka á móti allt að 25 börnum í einu. Lagt er til að borgarráð samþykki fjárheimild fyrir allt að 22,3 m.kr. sem fjármagnað verði af kostnaðarstaðnum ófyrirséð, 09205.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Það tilkynnist hér með.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokki fólksins líst vel á þetta skammtímaúrræði fyrir úkraínsk börn. Í greinargerðinni er óljóst hvort um einhverja blöndun íslenskra og úkraínskra barna sé að ræða nema hugsanlega í frístundinni. Það er jafnframt tekið fram að ekki öll börnin noti frístund. Fulltrúi Flokks fólksins vill benda á að börn læra mikið hvert af öðru og er því mikilvægt að þau fái einhvern vettvang þar sem þau geta átt samverustund með íslenskum börnum. Í list- og verkgreinum eru oft stundir þar sem börn geta tjáð sig, t.d. myndrænt. Íþróttir og frímínútur geta líka verið góður vettvangur fyrir íslensk og úkraínsk börn að mætast.



Bjarni Þóroddsson
e.u.



Borgarráð

Skammtímaúrræði fyrir úkraínsk börn

Lagt er til að sett verði á laggirnar skammtímaúrræði fyrir úkraínsk börn á grunnskólaaldri með áherslu á undirbúning fyrir skólagöngu og þátttöku í frístundastarfi. Um er að ræða börn úr fjölskyldum sem eru í 8 vikna búsetuúrræði í Reykjavík á vegum ríkisins á meðan leitað er að framtíðarheimili fyrir fjölskyldurnar sem gæti orðið í Reykjavík eða öðru sveitarfélagi. Úrræðið verður staðsett í Vesturbæjarskóla og frístundamiðstöðin Tjörninn kemur að frístundastarfinu. Úrræðið verði starfrækt frá september til desember 2022 og metið í lok tímabils með áframhald. Hægt verður að taka á mótí allt að 25 börnum í einu. Lagt er til að borgarráð samþykki fjárheimild fyrir allt að 22,3 m.kr. sem fjármagnað verði af kostnaðarstaðnum ófyrirséð, 09205.

Greinargerð:

Flóttafólk frá Úkraínu hefur tímabundna búsetu í Reykjavík á vegum ríkisins í allt að 8 vikur á meðan leitað er að framtíðarheimili. Í þeim hópi eru fjölskyldur með börn á grunnskólaaldri. Mikilvægt er að mæta þessum börnum með úrræði þar sem námslegum og félagslegum þörfum þeirra verður mætt á meðan þau bíða eftir framtíðarheimili.

Í lok ágúst 2022 var fjöldi barna á þessum aldri 17 og allar líkur á að þeim fjölgi á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi barna í úrræðinu geti orðið 25 börn í einu. Úrræðið verður til staðar í Vesturbæjarskóla og frístundamiðstöðin Tjörninn kemur að frístundastarfinu. Starfsfólk verði menntaðir kennarar frá Úkraínu og jafnframt þarf að ráða stuðningsfulltrúa. Að starfinu koma aðilar úr stuðningskerfi borgarinnar, svo sem brúarsmiðir frá Miðju máls og læsis. Gert er ráð fyrir að starfsemin verði til nk. áramóta en staðan metin í desember með tilliti til áframhalds.

Að lokinni dvöl í skammtíma úrræðinu flytjast börnin yfir í almennari úrræði eftir því hvar þau fá framtíðarheimili með fjölskyldum sínum. Þau börn sem verða áfram í Reykjavík geta þá farið í sinn hverfissskóla eða tímabundið í sértækari úrræði eftir því hvað hentar þeim. Í þessu sambandi má nefna að skóla- og frístundasvið hefur nú þegar opnað fjögur íslenskuver, eitt í hverjum borgarhluta, til að taka á mótí börnum sem eru að koma erlendis frá. Þá er á vegum skóla- og frístundasviðs skólaúrræði, Birta, fyrir börn sem eru í leit að alþjóðlegri vernd og hafa flest þeirra barna litla eða enga skólagöngu. Þessi málaflokkur er því stöðugt stækkandi og mikilvægt að vel sé staðið að móttöku allra barna á allan hátt.

Kostnaður:

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda barna sem kæmu til með nýta úrræðið né aldursskiptingu þeirra sem hefur áhrif á kostnaðinn. Samtals kostnaður er áætlaður 18.610 þús. Ófyrirséður kostnaður gæti legið á bilinu 15-20% sem gerir allt að 3,700 þús.kr.

Heildarniðurstaða allt að 22.310 þús.kr.



Heiti	Fjöldi	kostn/ein.	Heildark.	
Stöðugildi kennara	2	875,0	7.000	Samtals í fjóra mánuði
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1	625,0	2.500	Samtals í fjóra mánuði
Akstur. Aukaferð v/frístundar	3	20,0	5.040	3 ferðir á dag í 21 dag í 4 mán.*
Búnaður (Chromebook)	15	50,0	750	Reiknað með að 15 börn þurfi spjaldtölvu
Skólamáltíðir	25	1,2	2.520	Reiknað með 21. degi í mánuði í 4 mán.
Frístund	10	20,0	800	Reiknað með að 10 börn muni sækja frístund
			<hr/> 18.610	
Ófyrirséður kostnaður		20%	3.700	
			<hr/> 22.310	

*Þar sem hluti barna fer heim eftir skóla en yngsti hlutinn fer í frístund þá þarf tvær ferðir til baka

Ekið er frá Síðumúla að Vesturbæjarskóla og til baka.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Jafnréttisskimun, dags. 2. september 2022



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmingar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	2. september 2022
Svið:	Skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra
Verkefni/tillaga:	Skammtíma úrræði fyrir úkraínsk börn
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	22. m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Að sett verði á laggirnar skammtíma úrræði fyrir úkraínsk börn á grunnskólaaldri með áherslu á undirbúning fyrir skólagöngu og þátttöku í frístundastarfi. Um er að ræða börn úr fjölskyldum sem eru í 8 vikna búsetuúrræði í Reykjavík á vegum ríkisins á meðan leitað er að framtíðarheimili fyrir fjölskyldurnar sem gæti orðið í Reykjavík eða í öðru sveitarfélagi.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Nei
Hvaða hópa snertir tillagan?
Flóttabörn frá Úkraínu sem eru á grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Um er að ræða sérúrræði fyrir afmarkaðan hóp. Það er eingöngu hugsað tímabundið í ca. 8 vikur fyrir börnin, er gert á grunni þess að að þau eru ekki komin með heimili til lengri tíma og til að mæta námslegum og félagslegum þörfum þeirra.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Umsögn

Viðtakandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsókn um fjárheimild, allt að 22,3 m.kr. vegna skammtíma úrræðis í skóla- og frístunda starfi fyrir börn frá Úkraínu

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna umsóknar skóla- og frístundasviðs um að koma á fót skammtímaúrræði fyrir börn frá Úkraínu á grunnskólaaldri. Tilgangurinn með úrræðinu er að undirbúa börnin fyrir skólagöngu og þátttöku í frístundastarfi. Um er að ræða börn úr fjölskyldum sem eru í 8 vikna búsetuúrræði í Reykjavík á vegum ríkisins á meðan leitað er að framtíðarheimili fyrir fjölskyldurnar sem gæti orðið í Reykjavík eða öðru sveitarfélagi. Úrræðið verður staðsett í Vesturbæjarskóla og frístundamiðstöðin Tjörnin kemur að frístundastarfinu. Ætlunin er að úrræðið verði starfrækt frá september til desember 2022 en að þeim tíma loknum verði metið með framhald. Hægt verður að taka á móti allt að 25 börnum í einu. Lagt er til að borgarráð samþykki fjárheimild fyrir allt að 22,3 m.kr.

Flóttafólk frá Úkraínu hefur tímabundna búsetu í Reykjavík á vegum ríkisins í allt að 8 vikur á meðan leitað er að framtíðarheimili. Í þeim hópi eru fjölskyldur með börn á grunnskólaaldri. Mikilvægt er að mæta þessum börnum með úrræði þar sem námslegum og félagslegum þörfum þeirra verður mætt á meðan þau bíða eftir framtíðarheimili. Í lok ágúst 2022 var fjöldi barna á þessum aldri 17 og allar líkur á að þeim fjölgi á næstu vikum. Stefnt er að því að starfsfólk verði menntaðir kennarar frá Úkraínu en jafnframt þarf að ráða stuðningsfulltrúa. Að starfinu koma aðilar úr stuðningskerfi borgarinnar, svo sem brúarsmiðir frá Miðju máls og læsis.

Að lokinni dvöl í skammtíma úrræðinu flytjast börnin yfir í almennari úrræði eftir því hvar þau fá framtíðarheimili með fjölskyldum sínum. Þau börn sem verða áfram í Reykjavík geta þá farið í sinn hverfisskóla eða tímabundið í sértækari úrræði eftir því hvað hentar þeim. Þessi málaflokkur er því stöðugt stækkandi og mikilvægt að vel sé staðið að móttöku allra barna á allan hátt.

Í minnisblaði frá skóla- og frístundasviði liggur fyrir kostnaðarmat upp á 22.310 þús kr.

Fjöldi mánaða	4			
Heiti	Fjöldi	kostn/ein	Heildar- kostnaður	Forsendur
Stöðugildi kennara	2	875	7.000	Gert ráð fyrir 4 mánuðum
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1	625	2.500	Gert ráð fyrir 4 mánuðum
Akstur - aukaferð v. frístundar	3	20	5.040	3 ferðir á dag, í 21 dag í 4 mánuði*
Búnaður (Chromebook)	15	50	750	Reiknað með að 15 börn þurfi spjaldtölvu
Skólamáltíðir	25	1,2	2.520	Reiknað með 21 degi í 4 mánuði
Frístund	10	20	800	Reiknað með að 10 börn muni sækja frístund
			18.610	
Ófyrirséður kostnaður		20%	3.700	
			22.310	

*Þar sem hluti barna fer heim eftir skóla en yngsti hlutinn fer í frístund þarf tvær ferðir til baka.
Ekið er frá Síðumúla að Vesturbæjarskóla og til baka

Nokkur óvissa er í kostnaðarmatinu að því leyti að forsendur um fjölda barna sem myndi nýta sér úrræðið og aldursskiptingu þeirra, liggja ekki fyrir. Gert er ráð fyrir tveimur kennurum og stuðningsfulltrúa í fjóra mánuði, auk þess sem forsendur um akstur og búnað liggja fyrir.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi kostnaðarmat fyrir fjölda barna upp að 25. Fjármála – og áhættustýringarsvið vill þó benda á að forsenda um ófyrirséðan kostnað er í hærra lagi eða sem jafngildir rúmlega einu stöðugildi kennara á tímabilinu.

Verði umsóknin samþykkt verður hún til viðbótar við 25 m.kr. fjárveitingu frá því í apríl síðastliðinn en sú fjárveiting var einnig vegna tímabundinna úrræða. Síðan hefur töluverður fjöldi flóttafólks frá Úkraínu bæst við og má því ætla að þörfin sé enn til staðar. Í því ljósi er mikilvægt að ríkið komi enn betur til móts við sveitarfélög sem taka á móti flóttafólki enda eru innviðir þessara sveitarfélaga víða komnir að þolmörkum.

*Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*